

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Svínhagi L8 A, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 12. maí 2022 tillögu að deiliskipulagi fyrir Svínhaga L8 A. Þrír byggingarreitir verða skilgreindir þar sem heimilt verður að byggja íbúðarhús, tvö frístunda- eða gestahús og vélaskemmu. Aðkoma að svæðinu er um afleggjara frá Þingskálavegi nr. 268. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 23. maí 2022.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 7. júní 2022